



# Öndunarfærasýkingar


## Vika 46

13. – 19. nóvember 2023

Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir


### COVID-19 (SARS-CoV-2)

Heldur fleiri greindust með COVID-19 með PRC-prófi, alls 64 einstaklingar, í viku 46 samanborið við undangengnar vikur. Hlutfall jákvæðra PCR-prófa af heildarfjölda prófa var 25% sem er einnig hærra en verið hefur (mynd 1), sem styður að aukning sé raunveruleg en ekki bara vegna fleiri prófa. Fyrir gögn lengra aftur í tímann, sjá [eldri samantektir](#).




Mynd 1. Vikulegur fjöldi COVID-19 PCR-greininga ásamt hlutfalli jákvæðra prófa veturinn 2023–2024.

Fjöldi einstaklinga með klíniska greiningu COVID-19 í viku 46 var 49 sem er sambærilegur fjöldi og greindist klínískt í viku 45 (mynd 2). Líklegt er að einungis hluti þeirra sem smitast af COVID-19 leiti til heilbrigðisþjónustunnar og séu þá greindir klínískt. Því má gera ráð fyrir að fleiri tilfelli COVID-19 séu í samfélaginu en skráning segir til um.



Mynd 2. Samanburður á vikulegum fjölda PCR-greininga og klínískra greininga á COVID-19 veturinn 2023–2024.


Tíðni COVID-19 greininga í vetur sýnir sama mynstur og þegar allt árið er skoðað (sjá [samantekt fyrir viku 45](#)) en tíðnin er hæst meðal fólks í elstu aldurshópnum (mynd 3).



Mynd 3. Tíðni (fjöldi per 100.000 íbúa í aldurshópnum) PCR-greininga og klínískra greininga á COVID-19 veturinn 2023–2024.


## Inflúensa

Í viku 46 greindust 20 einstaklingar með staðfesta inflúensu (mynd 4) sem er aukning frá síðustu viku. Útbreiðsla inflúensu hér á landi er farin af stað. Öll greind tilfelli inflúensu í viku 46 voru af inflúensu af stofni A. Lítið hefur verið um klínískar greiningar á inflúensulíkum einkennum (greining læknis án rannsóknarniðurstöðu). Átta einstaklingar fengu þá greiningu í viku 46.



**Mynd 4.** Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum veturinn 2023–2024 og síðastliðin tvö flensutímabil samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfelli af inflúensu.


Þátttaka í inflúensubólusetningum það sem af er vetrinum 2023–2024 hefur verið minni samanborið við þátttöku á sama tímabili undanfarna fimm vetur (mynd 5). Mikilvægt er að einstaklingar í áhættuhópum þiggi bólusetningu nú samkvæmt [tilmælum](#) sóttvarnalæknis. Bólusetning er í boði hjá heilsugæslu og er fólk hvatt til að þiggja hana sem fyrst.



**Mynd 5.** Bólusetningaþátttaka veturinn 2023–2024 samanborið við hlaupandi meðaltal síðustu fimm vetra (frá hausti 2018 til vors 2023). Á myndinni eru einnig sýnd skekkjumörk miðað við 95% öryggisbil.

## RSV og aðrar öndunarferasýkingar


Fimmtán einstaklingar greindust með RS-veirusýkingu (RSV) í viku 46 (mynd 6), þar af voru sjö börn undir eins árs aldri. Svipaður fjöldi greindist með rhinoveiru (kvef) í viku 46 líkt og í undangengnum vikum. Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarferaveirum má sjá á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).



**Mynd 6.** Vikulegur fjöldi greindra RS-veirusýkinga haust og vetur 2023.

## Innlagnir á sjúkrahús

Í viku 46 var aukning á fjölda einstaklinga inniliggjandi á Landspítala með öndunarfærasýkingar samanborið við vikuna þar á undan (mynd 7). Flestir voru með COVID-19 eða 40 einstaklingar og voru 36 af þeim í aldurshópnum 65 ára og eldri. Fimm lágu inni með inflúensu, þar af fjórir í aldurshópnum 65 ára og eldri. Fimm inniliggjandi voru með RSV, þar af tvö börn undir eins árs aldri og tveir í aldurshópnum 65 ára og eldri.



Mynd 7. Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarfærasýkingar veturinn 2023–2024. Gögn frá Landspítala.

## Samantekt

Aukning varð í tilfellum COVID-19 og inflúensu samanborið við síðustu viku. Aukning á tilfellum staðfestrar inflúensu bendir til að inflúensufaraldur sé að hefjast. Einnig varð aukning á innlögðum á Landspítala með öndunarfærasýkingar og þar voru flestir með COVID-19 eða 40 einstaklingar. Fimm innlagðra voru með inflúensu og 5 einstaklingar með RSV. Flestir inniliggjandi með öndunarfærasýkingar eru í aldurshópnum 65 ára og eldri, ef frá er talið vegna RSV. Þátttaka í inflúensubólusetningu er minni í ár samanborið við undanfarin 5 ár á sama tíma. Sóttvarnalæknir hvetur fólk til að fylgja tilmælum um bólusetningar við öndunarfærasýkinga fyrir komandi vetur.

## Staðan í Evrópu

Tíðni öndunarfærasýkinga er á uppleið víða í Evrópu. Meira er um tilfelli COVID-19 en RSV og inflúensu. Tíðni RSV er þó á uppleið með mest áhrif í aldurshópnum yngri en 5 ára. Misjafnt er eftir löndum hvort tíðni og alvarleiki COVID-19 sé að aukast eða minnka. Tíðni inflúensu er enn lág en merki um aukna útbreiðslu í sumum löndum.

## Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra. Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

